

REGLUGERÐ

um úthlutun og greiðslu fjárframlags ársins 2024 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

1. gr.

Jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða.

Stuðla skal að því að mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða verði jöfnuð eins og nánar greinir í reglugerð þessari. Ríkissjóður veitir árlegu fjárframlagi til lífeyrissjóða til þess að ná því markmiði samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga um tryggingagjald, nr. 113/1990.

Í samræmi við VI. kafla laga nr. 113/1990, skal fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2024 nema 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds skv. III. kafla laga nr. 113/1990. Framlagið skal byggjast á upplýsingum ríkisreiknings um áætlaðan gjaldstofn tryggingagjalds næstliðins árs.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið annast úthlutun og greiðslu framlags til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Skipting framlagsins milli lífeyrissjóða.

Framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða skal skipt milli lífeyrissjóða með eftirfarandi hætti:

- Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í heildarörorkulífeyrisgreiðslum allra lífeyrissjóða á næstliðnu ári.
- Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í skuldbindingum lífeyrissjóða til greiðslu örorkulífeyris umfram 10% af heildarlífeyrisskuldbindingum sjóðanna í framtíðinni vegna væntanlegra iðgjalda miðað við tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða við lok næstliðins árs. Nú hefur lífeyrissjóður nýtt heimild samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, til þess að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign og skal þá verðmæti iðgjaldsgreiðslna vegna réttinda sem aflað er í séreign talið til skuldbindinga sjóðsins í framtíðinni þegar fundin er hlutdeild sjóðsins skv. 1. málsl.
- Meðaltalshlutfall skv. 1. og 2. tölul. myndar hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

3. gr.

Úthlutun fjárframlags árið 2024.

Samkvæmt 19. gr. laga um tryggingagjald, nr. 113/1990, skal fjárframlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2024 renna til lífeyrissjóða sem hafa starfsleyfi frá fjármála- og efnahagsráðherra, sbr. ákvæði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Áætlaður gjaldstofn tryggingagjalds árið 2023 nemur samkvæmt ríkisreikningi 2023 samtals kr. 2.000.076.334.096 og er áætlað fjárframlag ársins 2023 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða því með vísan til 1. gr. samtals kr. 7.150.248.086 og skiptist það milli lífeyrissjóða sem hér segir:

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Almenni lífeyrissjóðurinn	45.940.344	0,643%
Birta lífeyrissjóður	240.999.112	3,371%
Eftirlaunasjóður FÍA	14.765.262	0,207%
Festa lífeyrissjóður	909.511.557	12,720%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	141.324.653	1,977%
Gildi lífeyrissjóður	2.805.471.339	39,236%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	67.212.332	0,940%
Lífeyrissjóður bankamanna-aldur	31.496.843	0,441%
Lífeyrissjóður bankamanna-hlutfall	10.475.113	0,147%

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Lífeyrissjóður bænda	17.839.869	0,250%
Lífeyrissjóður Rangæinga	53.698.363	0,751%
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	3.503.622	0,049%
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.	3.146.109	0,044%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	26.634.674	0,373%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-A	461.798.773	6,459%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-B	124.521.570	1,742%
Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-A	421.435.622	5,894%
Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-V	125.486.854	1,755%
Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-B	12.298.427	0,172%
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	2.037.821	0,029%
Lífsværk lífeyrissjóður	19.412.924	0,272%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	606.805.804	8,487%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	127.989.441	1,790%
Stapi lífeyrissjóður	771.654.773	10,792%
SL lífeyrissjóður	104.786.886	1,466%
Samtals	7.150.248.086	100%

Við greiðslu fjárframlags ársins 2025, í október 2025, skal endurreikna, og leiðrétta ef þörf er á, fjárframlag ársins 2024 á grundvelli endurskoðaðra upplýsinga um gjaldstofn tryggingagjalds ársins 2023.

4. gr.

Leiðrétting fjárframlags ársins 2023.

Endurskoðaður gjaldstofn tryggingagjalds vegna ársins 2022 er kr. 1.954.665.825.653. Mismunur áætlaðs gjaldstofns tryggingagjalds ársins 2022 skv. 3. gr. reglugerðar nr. 1406/2023, um úthlutun og greiðslu fjárframlags ársins 2023 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, og endurskoðaðs gjaldstofns tryggingagjalds vegna ársins 2022 er kr. 78.357.839.880 til lækkunar. Fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2023 nam 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds, sbr. lög nr. 177/2006, um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald. Leiðrétting fjárframlags ársins 2023, frá því sem það var ákvarðað með reglugerð nr. 1406/2023, nemur því samtals kr. 254.662.980 til lækkunar. Áætlað fjárframlag ársins 2024 eins og það er ákvarðað skv. 3. gr. lækkar þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í eftirfarandi töflu:

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Almennir lífeyrissjóðurinn	1.536.891	0,604%
Birta lífeyrissjóður	8.766.773	3,443%
Eftirlaunasjóður FÍA	426.560	0,168%
Brú lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L060EsRb	42.019	0,017%
Brú lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L050EsH	159.164	0,063%
Festa lífeyrissjóður	31.980.577	12,558%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	4.794.031	1,883%
Gildi lífeyrissjóður	100.621.163	39,512%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	2.351.813	0,924%
Brú lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L140LsA	63.666	0,025%
Lífeyrissjóður bankamanna-aldur	1.078.498	0,424%
Lífeyrissjóður bankamanna-hlutfall	460.940	0,181%
Lífeyrissjóður bænda	752.529	0,296%
Brú lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L510LsN	16.553	0,007%
Lífeyrissjóður Rangæinga	1.813.200	0,712%
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	157.891	0,062%

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.	140.065	0,055%
Brú lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L600LsH	34.380	0,014%
Brú lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L400LK	140.065	0,055%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	1.081.044	0,425%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-A	16.661.325	6,543%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-B	5.239.691	2,058%
Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-A	11.617.725	4,562%
Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-V	4.739.278	1,861%
Brú lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L700LsV	115.872	0,046%
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	92.952	0,037%
Lífsverk lífeyrissjóður	701.597	0,276%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	21.342.031	8,381%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	4.605.580	1,809%
Stapi lífeyrissjóður	29.179.284	11,458%
SL lífeyrissjóður	3.949.823	1,551%
Samtals	254.662.980	100%

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 22. gr. laga um tryggingagjald, nr. 113/1990, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð sama efnis nr. 1406/2023.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 3. desember 2024.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Anna V. Ólafsdóttir.